



VELKOMIN Í LBHÍ

FYRIR NÝNEMA
ALLT SEM ÞARF AÐ VITA
2025-2026



FAGDEILDIR

NÁTTÚRA & SKÓGUR

Grunnnám til BS gráðu
Náttúru- & umhverfisfræði
Skógfræði

Framhaldsnám
Endurheimt vistkerfa
Umhverfisbreytingar á
norðurslóðum (EnCHiL)
Einstaklingsmiðað MS nám
Einstaklingsmiðað PhD nám

RÆKTUN & FÆÐA

Starfsmenntanám
á framhaldsskólastigi
Búfræði

Grunnnám til BS gráðu
Búvísindi
Hestafræði

Framhaldsnám
Einstaklingsmiðað MS nám
Einstaklingsmiðað PhD nám

SKIPULAG & HÖNNUN

Grunnnám til BS gráðu
Landslagsarkitektúr

Framhaldsnám
Skipulagsfræði MS nám
Einstaklingsmiðað PhD nám

KENNSLUSKRIFSTOFA

Ef þig vantar aðstoð er gott að heimsækja eða hafa samband við kennsluskrifstofu LBHÍ. Kennsluskrifstofa þjónustar nemendur skólans óháð staðsetningu og annast daglegan rekstur kennsluviðs. Þar getur þú fengið aðstoð varðandi námið þitt og upplýsingar um þá þjónustu sem stendur nemendum til boða. Kennsluskrifstofa gefur einnig út ýmis vottorð er tengjast náminu þínu.

Á kennsluskrifstofu starfar kennslustjóri og deildarfulltrúar.

Hægt er að hafa samband gegnum netfangið kennsluskrifstofa@lbhi.is

Afgreiðslutími:

mán-mið frá kl. 08:00-16:00

fim-fös frá kl. 08:00 – 13:00

Staðsetning:

Jarðhæð Ásgarði, Hvanneyri

MÓTTAKA

Í móttöku LBHÍ er hægt að sækja um aðgangskort af til þess að geta haft aðgengi að húsnæði skólans utan hefðbundins opnunartíma. Þar er líka hægt að fá staðfestingu á skólavist og kaupa prentkvóta.

Afgreiðslutími:

mán - fim frá kl. 08:00 – 12:15 & 12:45 – 16:00

föstudaga frá kl. 08:00 – 13:30

lbhi@lbhi.is

Sími: 433-5000

Staðsetning:

Jarðhæð Ásgarði, Hvanneyri

SKÓLAÁRIÐ

Nám við LBHÍ er kennt á sjö vikna stuttönnum þar sem tvær annir eru að hausti og tvær að vori og lýkur hverri önn með prófatið. Einnig eru ýmis verkleg námskeið kennd í maí-júní.

Starfsáætlun komandi skólaárs er birt í febrúar/mars ár hvert en hana má finna neðst á heimasíðu skólans lbhi.is

KERFI SKÓLANS

UGLA: ugla.lbhi.is er upplýsingakerfi nemenda. Þar má finna stundaskrár, einkunnir, próftöflur, mætingarskráningu í starfsmenntanámi, upplýsingar um lokaverkefni, fréttir og ýmsar aðrar gagnlegar upplýsingar.

Mikilvægt er að nemendur skoði Ugluna sína daglega og fylgist vel með þar sem breytingar á stundaskrá og stofu geta átt sér stað með stuttum fyrirvara.

SmáUgla er app sem hægt er að sækja fyrir snjallsíma og spjaldtölvur sem notast við Android og iOS (iPhone, iPad). Þannig er auðvelt að nálgast allar helstu upplýsingar sem notendur Uglu nota hvað mest dags daglega eins og Dagurinn (kennslustundir, fundir og viðburði), námskeið, Vinnustund, símaskrá og margt, margt fleira.

CANVAS er kennslukerfi, svokölluð skólastofa nemenda. Hægt er að komast inn á Canvas í gegnum Uglu eða í appinu Canvas students. Það er mikilvægt að fylgjast vel með á Canvas því þar kemur allt það sem tengist námsefninu inn ásamt skilaboðum frá kennurum.

INSPERA: lbhi.inspera.com er rafrænt prófakerfi Lbhl. Nemendur þurfa því að gera ráð fyrir að hafa aðgang að fartölvu í lokaprófatíðum.

Leiðbeiningar má finna á Uglu undir Nám og stoðkerfi > Leiðbeiningar – tölvumál > Inspera prófakerfi > Nemendur og við hvetjum nemendur eindregið til að kynna sér prófakerfið tímanlega og framkvæma þau skref sem þarf áður en prófatið hefst.

STUNDASKRÁR OG PRÓFTÖFLUR

Stundaskrá hvers nemenda má finna á Uglunni undir stundataflan mín og er hún að jafnaði birt fjórum vikum áður en viðkomandi stuttönn hefst.

Próftöflu hvers nemenda má einnig finna á Uglunni undir Námskeiðin mín > Próf og er hún að jafnaði birt fjórum vikum áður en viðkomandi prófatið hefst.

SKRÁNING Í OG ÚR NÁMSKEIÐUM

Nemendur bera sjálfir ábyrgð á sínum námsferli þ.e.a.s. skráningu í námskeið hverju sinni, að öllum skyldunámskeiðum sé lokið og að tilteknum ECTS fjölda sé náð fyrir áætlaða brautskráningu. Starfsfólk kennsluskrifstofu, brautarstjórar og náms- og starfsráðgjafi aðstoða við námskeiðaval eftir þöfum.

Nýskráning í námskeiði: Heimilt er að skrá sig í námskeið út fyrstu kennsluviku hvernar stuttannar og skal gert skriflega til kennsluskrifstofa@lbhi.is

Úrsögn úr námskeiði: Skal gera skriflega til kennsluskrifstofa@lbhi.is eigi síðar en sjö dögum fyrir prófdag, annars skráist fall í feril nemandans. Nemendum ber einnig að tilkynna úrsögn úr námi skriflega til kennsluskrifstofu.

MAT Á FYRRA NÁMI

Nemendur sem áður hafa lokið sambærilegum námskeiðum háskólanáms og boðið er upp á við LBHÍ geta fengið námskeið metin til eininga. Umsókn um mat á fyrra námi er að finna á heimasíðu skólans lbhi.is undir Námi > Mat á fyrra námi. Umsóknareyðublaðið skal senda út fyllt til brautarstjóra og kennslustjóra.



NEMENDARÁÐGJÖF

Náms- og starfsráðgjafi veitir nemendum persónulega þjónustu og ráðgjöf er varðar námið og leggur áherslu á að sniða hana að þöfum þeirra. Í því felst meðal annars:

- Ráðgjöf og leiðsögn um vinnubrögð í háskólanámi
- Námskeið í námstækni og kvíðastjórnun
- Ráðgjöf vegna sértekrar námsörðuleika eða fötlunar
- Persónuleg ráðgjöf og stuðningur vegna tímabundinna erfiðleika í einkalífi

Hægt er að panta tíma hjá námsráðgjafa gegnum netfangið nams@lbhi.is

PRÓF

Próf eru haldin í lok hvernar annar. Tvisvar að hausti og tvisvar að vori og geta nemendur séð sína próftöflu í Uglu undir Námskeiðin mín > Próf. Staðnemar í búfræði taka sín próf á Hvanneyri en aðrar reglur gilda um fjarnema í búfræði sem og háskólanema. Þeir sem skráðir eru fjarnemar við LBHÍ geta tekið próf á hinum ýmsu fjarprófsstöðum sem skólinn er í samstarfi við víðsvegar um land og er fjarprófgjald LBHÍ 4.000 kr á námskeið. Athugið að sumir fjarprófsstaðir rukka aukalega fyrir prófyfirsetu sem nemendur þurfa þá að greiða sjálfir beint til fjarprófsstaðarins.

Mikilvægt er að nemendur skrái sinn prófstað í Uglu eigi síðar en þremur vikum fyrir prófatíð.

Veikindi í prófum: Nemandi sem ekki getur mætt í próf vegna veikinda skal tilkynna forföll samdægurs og áður en prófið hefst til kennsluskrifstofa@lbhi.is eða í aðalsímanúmer LBHÍ 433-5000.

Það sem koma þarf fram í tölvupóstinum er:

- **Númer námskeiðs**
- **Heiti námskeiðs**
- **Fullt nafn nemenda og kennitala**

Skila þarf inn læknisvottorði á pappír eða rafrænt til kennsluskrifstofu eigi síðar en fimm dögum eftir að prófið var haldið, annars telst nemandi hafa tekið prófið og fær fall. Það sama gildir ef nemandi mætir ekki í próf vegna veikinda barns.

Sjúkra- og endurtökupróf: Eru haldin áður en skólahald hefst í janúar fyrir báðar haustannir og í júní fyrir báðar vorannir og eru ætluð þeim nemendum sem komust ekki í próf eða náðu ekki lágmarks einkunn. Nemendur skrá sig í sjúkra- og endurtökupróf í bláa borðanum á forsiðu Uglu eftir að einkunnir hafa verið birtar eða nemandi skráður fjarverandi í prófið.

- **Próftökugjald** er 4.000 kr og greiða þarf að lágmarki tveimur dögum fyrir próf dag.

Athugið: Ef nemendur forfallast í prófi eru þeir ekki sjálfkrafa skráðir í sjúkra- og endurtökupróf. Nemendur þurfa að passa að skrá sig sérstaklega í Uglu og greiða próftökugjald.

FJARNÁM

Hægt er að stunda fjarnám í flestum námskeiðum sem LBHÍ kennir á háskólastigi án þess að greiða fyrir það önnur gjöld en skráningargjald hvers skólaárs.

Þó eru dæmi um námskeið sem eingöngu eru kennd í staðnámi t.d. fagnámskeið í landslagsarkitektúr, verkleg námskeið í búfræði, plöntugreining o.fl. Þau námskeið sem hægt

er að taka í fjarnámi eru merkt með hnetti í kennsluskrá viðkomandi námsbrautar.

Fjarnám fer í flestum tilfellum fram með upptökum sem lagðar eru inn á kennsluvefinn Canvas þar sem fjarnemar geta hlustað á þær eftir tímann. Í einhverjum tilfellum eru tímar eingöngu sendir út í beinni útsendingu og stundum er bæði tekið upp og sent út í beinni. Öll samskipti og verkefnaskil í námskeiðum fara í gegnum kennsluvefinn Canvas.

Á hverri sjö vikna stuttönn eru haldnar tvær fjarnemavikur. Þá mega fjarnemar (og staðnemar) eiga von á að þurfa að taka þátt í skyldumætingu á Hvanneyri, í fjarfundum eða ferðum á vegum námskeiðanna.

Tímasetningu fjarnemavikna er hægt að sjá í starfsáætlun skólaársins neðst á heimasíðunni lbhi.is

Fyrirkomulag á fjarnámi í búfræði er breytilegra og eru lotur kynntar fyrir nemendum með góðum fyrirvara.

SKIPTINÁM

Landbúnaðarháskóli Íslands er í samstarfi við yfir 40 erlenda háskóla. Í því felast einstök tækifæri fyrir nemendur til að stunda hluta af háskólanámi sínu við erlenda háskóla, öðlast alþjóðlega reynslu og upplifa menningu annarra landa. Nemendur geta fengið skiptinámið metið inn í námsferil sinn svo dvölin þarf ekki að hafa áhrif á námstímann. Erasmus+ áætlunin gefur nemum kost á að fá ferða- og dvalarstyrkjum.

Aðal umsóknarfresturinn til að sækja um skiptinámið er 1. mars ár hvert fyrir skólaár sem hefst á haustönn, vorönn eða sumarönn ári síðar. Alþjóðafulltrúi kynnir tækifæri utan Íslands fyrir nemendum og aðstoðar þá sem hafa hug á skiptinámi eða starfsdvöl erlendis. Hægt er að líta við hjá alþjóðafulltrúa á opnum viðtalsdögum eða bóka fund á Hvanneyri eða á Teams.

Almennar fyrirspurnir til alþjóðafulltrúa LBHÍ má senda á netfangið inter@lbhi.is

GESTANÁM

Nemendum LBHÍ gefst kostur á að gerast gestanemendur og taka námskeið við aðra opinbera háskóla endurgjaldslaust í gegnum gestanámskerfi sem skólarnir hafa gert samning um.

Opinberu háskólarnir eru:

- Háskóli Íslands
- Háskólinn á Akureyri
- Hólaskóli – Háskólinn á Hólum

Sækja þarf um með sérstöku gestanámseyðublaði sem finna má á heimasíðu LBHÍ fyrir 15. ágúst vegna námskeiða á haustönn og 15. desember vegna námskeiða á vorönn. Að jafnaði er gert ráð fyrir að nemandi hafi lokið fyrsta námsári í heimaskóla sínum (60 ECTS) áður en hann getur sótt um gestanám í öðrum opinberum háskóla.

Athugið að báðir skólar þurfa að samþykkja umsókn nemanda um gestanám.

ENDURMENNTUN

Endurmenntun LBHÍ býður upp á styttri og lengri námskeið víða um land þar sem áhersla er lögð á að þau henti fólki í fullri vinnu. Þetta getur verið kjörið tækifæri fyrir þá sem vilja bæta við sig einungum og jafnvel ljúka námi.

Hægt er að skoða námskeiði úrvalið á heimasíðunni **endurmenntun.lbhi.is**

BÓKSALA

LBHÍ notast við Bóksölu Stúdenta og Heimkaup varðandi rafrænar kennslubækur en þar að auki er lítil bóksala staðsett í rannsóknar húsnæði skólans á Hvanneyri. Þar eru til sölu ýmsar bækur og rit sem nemendur gætu þurft að nota í námi sínu.

Hægt er að hafa samband við bóksöluna í gegnum netfangið **rannsokn@lbhi.is** eða í síma 433-5000

MÖTUNEYTI

Á Hvanneyri er starfrækt mötuneyti fyrir nemendur, starfsfólk og aðra sem vilja. Hjelm veitingar sjá um rekstur mötuneytisins og birta vikumatseðil á facebook síðu sinni.

Opnunartími mötuneytisins á Hvanneyri er frá 9:00 – 14:00

Á Keldnaholti í Reykjavík er einnig mötuneyti fyrir nemendur og starfsfólk.

Opnunartími mötuneytisins á Keldnaholti er frá 11:45 – 12:45

TÖLVUÞJÓNUSTA

Tölvuþjónusta LBHÍ er til staðar fyrir nemendur ef þeir þurfa á aðstoð að halda með tölvukerfi skólans.

Tölvuþjónustan er með aðsetur á Hvanneyri á annarri hæð hjá bókasafni og er að jafnaði opin milli kl. 08:00 – 16:00 alla virka daga nema föstudag til 13:30.

Tölvuþjónustan reynir einnig að vera til staðar á starfsstöð LBHÍ á Keldnaholti einn dag í viku.

Tölvuþjónustan biður m.a. upp á fjaraðstoð þar sem nemendur fá sendan hlekk að smáforriti sem þeir hala niður og veita þannig tölvuþjónustunni aðgang að tölvunni sinni svo hægt sé að aðstoða við lausn mála.

Hægt er að fá aðstoð með því að senda póst á netfangið helpdesk@lbhi.is og eru erindi afgreidd eins fljótt og hægt er.

BÓKASAFN OG TÖLVURÝMI

Bókasafn LBHÍ er bæði á Hvanneyri og Keldnaholti. Bókasafnið veitir nemendum aðgang að upplýsingum og heimildum vegna náms, kennslu og rannsókna. Boðið er upp á aðgang að úrvals gagnasöfnum og rafrænum tímaritum.

Tölvuver er til afnota nemendum á Hvanneyri. Í kjallara Ásgarðs er stofa með 9 tölvum sem nemendur geta nýtt sér þegar ekki er kennt í stofunni. Einnig eru þrjár tölvur á bókasafni á annarri hæð og þrjár tölvur í vinnusal landslagsarkitektanema.

NEMENDAGARÐAR

Á Hvanneyri hafa nemendur möguleika á að leigja herbergi eða íbúðir. Í boði eru einstaklingsherbergi, einstaklingsíbúðir og tveggja til fjögurra herbergja íbúðir.

Upplýsingar um íbúðirnar veitir Hafdís Jóhannsdóttir í gegnum netfangið hafdisjo@lbhi.is

Hægt er að sækja um pláss á nemendagörðunum á heimasíðu LBHÍ lbhi.is > Háskólinn > Húsnæði og byggingar > Nemendagarðar



LÍFIÐ Á HVANNEYRI

Hvanneyri er vaxandi, lítið þéttbýli í Borgarfirði í sirka 15 mín akstursfjarlægð frá Borgarnesi. Í þorpinu eru um 300 íbúar.

Félagslíf nemenda: Nemendafélag LBHÍ stendur fyrir fjölbreyttu félagslífi og skipuleggur ýmsa viðburði og uppákomur fyrir nemendur á Hvanneyri. Á Hvanneyri er nemendakrá og einnig eru undirfélög nemendafélagsins virk í skemtun utan skólans.

Undirfélög nemendafélagsins eru:

- Hestamannafélagið Grani
- Kúavinafélagið Baula
- Hrutavinafélagið Hreðjar
- Skógræktarfélagið Dafnar
- Genius Loci – félag larkara
- Geitavinafélagið Auður

Hreyfing: Hvanneyri er staðsett á fallegu landssvæði með mikið af gönguleiðum. Jafnframt er mikið um náttúruperlur í kring og hægt að velja úr mörgum fjallgönguleiðum. Þá er líka örstutt að skella sér í Hreppslaug eða Kraumu, vilji maður taka sundsprett eða slaka á í heitum potti.

Leik- og grunnskóli: Á Hvanneyri er leikskólinn Andabær og Grunnskóli Borgarfjarðar sem er fyrir nemendur í 1-5. Bekk.

LÍKAMSRÆKT

Fyrir þá sem hafa áhuga á líkamsrækt og bættri heilsu er ókeypis aðgangur að líkamsræktarsal sem staðsettur er í kjallara Ásgarðs á Hvanneyri fyrir þá nemendur sem eru með aðgangskort af húsnæði skólans.

Við hvetjum alla nemendur til þess að nýta sér þessa aðstöðu sem er í boði, þegar þeir eru á Hvanneyri!

TILRAUNA- OG KENNSLUBÚ

MIÐ-FOSSAR

LBHÍ rekur vel búna hestamiðstöð á Mið-Fossum 5 km frá Hvanneyri. Þar er mjög góð aðstaða til að stunda hestamennsku. Nemendur geta leigt stíupláss fyrir veturinn og má finna umsóknareyðublað á heimasíðu LBHÍ lbhi.is > Háskólinn > Kennslubú



HVANNEYRARBÚIÐ

Hvanneyrarbúið sér um rekstur kúabúsins á Hvanneyri og tilraunasauðfjárbusins á Hesti. Kúabúið er mjólkurframleiðslubú og framleiðir um 460 þúsund lítra á ári ásamt því að sinna kennslu og rannsóknum í samstarfi við LBHÍ. Hestur er eitt fremsta sauðfjárú landsins í dag með um 650 vetrarfóðaðar ær og þar fer fram verkleg kennsla í sauðfjarrækt og rannsóknir því tengdar.



JARÐRÆKTARMÍÐSTÖÐ

Daglegt amstur jarðræktarrannsókna fer fram í Jarðræktarmiðstöð LBHÍ. Þar er frætalningarvél, borðþreskivél, reitaáburðardreifari, reitasáningarvél, reitasláttuvél og tilraunaþreskivél. Starfsfólk Jarðræktarmiðstöðvar vinnur meðal annars að kynbótum, yrkjaþrófunum, áburðartilraunum, gagnaskráningu og ráðleggingum ásamt kennslu og fræðslu.





HEYRÐU Í OKKUR

Landbúnaðarháskóli Íslands

Hvanneyri, 311 Borgarnes

lbhi@lbhi.is

Sími: 433-500

Kennsluskrifstofa

Hvanneyri, 311 Borgarnes

nemskra@lbhi.is

Tölvubjónusta

Hvanneyri, 311 Borgarnes

Keldnaholt, 112 Reykjavík

hjalp@lbhi.is

Umsjón nemendagarða

Hvanneyri, 311 Borgarnes

Hafðís Jóhannsdóttir

hafdisjo@lbhi.is

Náms- og starfsráðgjafi

Hvanneyri, 311 Borgarnes

nams@lbhi.is

Alþjóðafulltrúar

Hvanneyri, 311 Borgarnes

Keldnaholt, 112 Reykjavík

inter@lbhi.is

Endurmenntun

Hvanneyri, 311 Borgarnes

Keldnaholt, 112 Reykjavík

endurmenntun@lbhi.is

Kynningarstjóri

Rósa Björk Jónsdóttir

rosabjork@lbhi.is

HÁSKÓLASVÆÐIÐ Á HVANNEYRI



① ÁSGARÐUR

1. hæð

Móttaka
Mötuneyti
Kennsluskrifstofa
Skrifstofa rektors
Náms- og starfsráðgjafi
Alþjóðafulltrúar
Markaðs- og kynningarstjóri
Umsjón nemendagarda
Endurmenntunarstjóri

2. hæð

Bókasafn
Kennslustofur
Tölvuþjónusta
Skrifstofur kennara
Skrifstofur brautarstjóra

Kennslustofur í Ásgarði:

Kjallari

Orkuver
Fit

2. hæð

Borg
Brú
Mýri
Vað
Öxl

3. hæð

Horn vinnusalur
Höfði
Kista
Ársalur

② RANNSÓKNARHÚS

R1 Lauffell
R2 Katla
R4 Kjölur
R5 Baula
Gróðurhús

③ BÚTÆKNIHÚS

Bút – Austursalur
Bút – Vestursalur

④ JARÐRÆKTARMIÐSTÖÐ

Gamla Ullarselið
Jarðræktarmiðstöð

HVANNEYRARBÚIÐ

Fjós á Hvanneyri
Fjárnú á Hesti

MIÐ-FOSSAR

Gangur
Reiðhöll

HÁSKÓLASVÆÐIÐ Í REYKJAVÍK



KELDNAHOLT

1. hæð

Mötuneyti

2. hæð

Skrifstofur kennara og starfsfólks

Vinnurými framhaldsnema

Landgræðsluskólinn GRÓ LRT

3. hæð

Skrifstofur kennara og starfsfólks

Skrifstofa rektors



Kennslustofur á Keldnaholti:

1. hæð

Nautaflatir

Melur

2. hæð

Geitaskarð

Mörkin

Stúdíó

Sauðafell

**Keldnaholt er staðsett
í Grafarvogi við Árleyni 22,
112 Reykjavík**



FJÖLBREYTT NÁM SEM SKIPTIR MÁLI



BÚVÍSINDI

BSc/MSc/PhD



SKÓGFRÆÐI

BSc/MSc/PhD



**LANDSLAGS-
ARKITEKTÚR**

BSc



BÚFRÆÐI

Starfsmenntanám



**NÁTTÚRU- OG
UMHVERFISFRÆÐI**

BSc/MSc/PhD



SKIPULAGSFRÆÐI

MSc/PhD



HESTAFRÆÐI

BSc/MSc/PhD



**UMHVERFISBREYTINGAR
Á NORÐURSLÓÐUM**

MSc



**ENDURHEIMT
VISTKERFA**

MSc



Landbúnaðarháskóli Íslands
Agricultural University of Iceland

www.lbhi.is | 433 5000 | lbhi@lbhi.is